

**117**      **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu**  
 24. nóv.   **um endurgjald á veittum sveitarstyrk.**

Þjer hafið, herra sýslumaður, með brjefi, dags. 24. marz þ. á., sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Borgarhreppi í Mýrarsýslu, þar sem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu, dags. 1. sept. f. á., er skyldar nefndan hrepp til að endurgjalda Helgafellssveit í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu sveitarstyrk veittan árið 1902 Ragnheiði nokkurri Skaptadóttur, að upphæð 66 kr.

Útaf þessu skal yður hjermeð tit vitundar gefið til birtingar fyrir hreppsnefnd Borgarhrepps og frekari ráðstafana eptir því sem við á, að með því að Ragnheiði, eptir öllum málavöxtum, verður að telja styrksþurfa á þeim tíma, er styrkurinn var veittur henni, telur stjórnarráðið hinn áfrýjaða úrskurð amtmanns rjettan, og skal hann því óhaggður standa.

Ú r s k u r ð u r   a m t m a n n s .

Sýslumaðurinn í Snæfellsness og Hnappadalssýslu hefir í brjefi, dags. 18. f. mán., lagt undir úrskurð minn ágreining milli yðar, velborni herra sýslumaður, og sín útaf kröfu hreppsnefndarinnar í Helgafellssveit innan fyrnefndrar sýslu á hendur Borgarhreppi innan Mýrarsýslu til endurgjalds á fátækrastryk veittum gamalmenninu Ragnheiði Skaptadóttur, sveitlægri þar, að upphæð 66 kr., og úrskurðast mál þetta á þessa leið.

Málavextir eru þeir, að hálfbróðir nefndrar Ragnheiðar Skaptadóttur, Ásgrímur bóndi Jóhannsson á Staðarbakka, sem Ragnheiður hafði dvalið hjá frá því á árinu 1884 og flutzt með vorið 1892 inn í Helgafellssveit, sagði hana til sveitar, er efni hennar voru þrotin, um áramótin 1901 og 1902. Að framfarinni aðsjónargjörð á hógum Ragnheiðar 10. jan. 1902, voru henni lagðar til framfæris 36 kr. og síðan 30 kr. í viðbót haustið eptir.

Hreppsnefndin í Borgarhreppi hefir haldið því fram, að fátækrastrykur þessi væri ólöglega veittur og hafið þjer lýst því yfir, að þjer gætuð eigi skyldað hreppinn til þess að endurgjalda styrkinn nje til að taka við Ragnheiði Skaptadóttir til framfærslu. Ástæðurnar fyrir því eru þær, að Ragnheiður hefði eigi þurft á fátækrastryk að halda, hefði rjettilega verið farið með fjárlut hennar, sem að mestu leyti rann til fyrnefnds hálfbróður hennar, enda hafi hún átt svo mikið til, sem sje 50 kr. auk áfallinna vaxta í skulda stað í Borgarhreppi, þá er styrksins var beiðzt, að hún hefði eigi þurft að vera upp á sveitina komin. Ennfremur hafið þjer fært það til, að meðlags hafi eigi verið beiðzt með Ragnheiði fyr en scint á 10. dvalarári hennar í Helgafellssveit, og að Ragnheiður hafi eigi sjálf beiðzt styrksins, heldur hafi húsbóndi hennar beiðt um meðlag með heimilismauni sínum, sem eptir atvikum yrði að vera spurning um, hvort honum eigi hafi borið að fæða endurgjaldslaust það, sem eptir var af 10. dvalarári hennar í Helgafellssveit.

Amtið fær eigi annað sjeð en að Ragnheiður, sem er komin á sjötugsaldur og hefir verið heilsulaus, hafi verið þurfandi, þá er hún var tekin til sveitar. Hún hafði verið fjár síns ráðandi, og hreppsnefndina í Helgafellssveit varðaði ekkert um meðferðina á fjárlut hennar, sem hefir gengið henni til framfæris, nje um viðskifti hennar við Ásgrím í því tilliti. Að því leyti, er snertir skuld þá, sem Ragnheiður átti í öðru hjeradi, þá gat sú skuldareign, þótt hún hefði verið hreppsnefndinni kunn, alls eigi verið því til fyrirstöðu, að Ragnheiður yrði skoðuð sem hjálparþurfi, enda var full ástæða til þess að álita, að skuldin væri töpuð.

Eptir atvikum verður eigi dregið neitt út úr því, að optnefnd Ragnheiður var sögð til sveitar **117** á 10. dvalarári sínu í Helgafellssveit og það liggur eigi fyrir neitt, sem bendir til þess, að **24. nóv.** prettir hafi búið undir. Að þurfamaður sjálfur biðji um styrk er alls eigi skilyrði fyrir lög-  
mæti sveitarstyrks, og á manni þeim, sem hún dvaldi hjá og sem sagði hana til sveitar, hvíldi engin skylda til þess að framfæra hana.

Amtið álitur því, að hinn umræddi styrkur sje lögmætur, og úrskurðar hjermeð, að Borgarhreppur skuli endurgjalda Helgafellssveit áðurnefndar **66 kr.**

Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður þetta yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Borgarhreppi, skal jeg mælast til að þjer vilduð annast um að hún greiði upphæðina sem fyrst.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um end- 118**  
**urveiting hlunninda handa sparisjóði Svarfdælinga.** **24. nóv.**

Útaf beiðni, er hingað hefir borizt frá forstöðunefnd sparisjóðs Svarfdælinga, vill stjórnarráðið hjermeð endurveita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. janúar næstkomandi að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, er nú er fyrir því að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil i lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjóðsins.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um hlunn- 119**  
**indi handa sparisjóði Keldhverfinga.** **24. nóv.**

Útaf beiðni, er hingað hefir borizt frá stjórnarnefnd sparisjóðs Keldhverfinga, vill stjórnarráðið hjermeð veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. jan. næstkomandi að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, er nú er fyrir því að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil i lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt og að stjórnarnefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir stjórnarnefnd sparisjóðsins.